

FLOKKUN TIL FRAMTÍÐAR

á Blönduósi



Til íhugunar

- Um 91% Íslendinga flokka úrgang til endurvinnslu:
 - 19% flokka alltaf
 - 37% flokka oft
 - 35% flokka stundum eða sjaldan

(Úr könnun Capacent Gallup fyrir úrvinnslusjóð í sept 2008)

- Endurnýting umbúða skal vera 60% til 85% á árunum 2012-2020.

(Úr landsáætlun Umhverfisstofnunar)

- Jólappír Breta um síðustu jól hefði þakið alla Guernsey (Ermasundseyja) sem er 82 km² að stærð! Hve stóra eyju skyldi jólappír Íslendinga geta þakið?
- Endurvinnsla á 20 tveggja lítra gos-drykkjarflöskum úr plasti dugar til framleiðslu á einni meðalflíspeysu.
- Urðun á hverju tonni af pappír krefst þriggja rúmmetra rýmis á urðunarstað og veldur miklum gróðurhúsalofttegundum.
- Endurvinnsla á hverju tonni af pappír sparar u.þ.b. 4000 kWh af raforku miðað við venjulega framleiðslu pappírs. Þetta er álíka mikið og meðalheimili á Blönduósi notar af rafmagni á hverju ári.

- Það er umhverfisvænna að safna pappa og plasti frá íbúðarhúsnæði en að láta fólk skila því á grenndarstöðvar.

(Vistferilsgreining fyrir plast- og pappaubúðir í heimilissorpi á vegum Úrvinnslusjóðs, apríl 2006)

- Útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá úrgangi má að mestu leyti rekja til þess að hauggas frá loftfirrtu niðurbroti lífræns úrgangs losnar út í andrúmsloftið við urðun. Að auki losnar koldíoxíð við brennslu úrgangs. Helstu leiðir við að minnka þetta útstreymi eru þær að draga úr myndun úrgangs, minnka urðun og auka þess í stað m.a. endurvinnslu og jarðgerð. Þessar aðgerðir geta dregið úr útstreymi um allt að 9%.

(Úr skýrslu Umhverfisráðuneytis árið 2009 sem nefnist: "Möguleikar til að draga úr nettóútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, niðurstöður sérfræðinganeftdar")

- Gott líf felst í því að gera þá hluti vel sem maður getur gert vel!

(Aristóteles)



SORPHREINSUN
Vilhelms Harðarsonar ehf.

Ávarp bæjarstjóra

Framfaraskref í endurvinnslu og endurnýtingu á sorpi

Ágætu Blönduósingar

Á hverjum degi fellur til ýmislegt á heimilum sem endar í ruslatunnunni. Þróunin á samfélagi okkar síðustu áratugi hefur leitt til sífellt meira sorphags og meiri fjármunum varið í sorphirðu og sorphurðun. Þó er ýmislegt í ruslafötunni sem hægt er að endurnýta og því má segja að í sorpi felist ákveðið auðlindagildi. Með því að flokka og endurvinna sorph minnkar það sorphagn sem þarf að urða og felst í því bæði beinn sparnaður og minna álag á náttúruna.

Með þetta að leiðarljósi var ákveðið á árinu 2009 að gera breytingar á sorphmálum á Blönduósi. Í samstarfi við Sorphreinsun VH ehf. er nú boðið upp á svokallaða endurvinnslutunnu.

Markið okkar er að leita að stöðugt nýrra úrræða til að auka endurnýtingu og endurvinnslu og þannig öxlum við samfélagslega ábyrgð, hlífum náttúrunni og spörum fjármuni í leiðinni.

Tunnurnar eru því tvær, önnur fyrir óflokkaðan úrgang og hin fyrir það sem á að fara til endurvinnslu. Jafnframt var sú breyting gerð að almenna sorph-



tunnan er losuð hálf mánaðarlega í stað þess að losa hana á 10 daga fresti.

Endurvinnslutunnurnar verða hins vegar losaðar mánaðarlega.

Þessu til viðbótar hefur verið gerður samningur við Sorphreinsun VH ehf. um byggingu og rekstur gámastæðis við Efstubraut. Þar verður boðið upp á móttöku og flokkun á öllum endurvinnanlegum hlutum sem fara til úrvinnslu. Jafnframt verður tekið í notkun á árinu nýtt urðunarsvæði við Sólvabakka þar sem mjög vönduðum urðunaraðferðum verður beitt. Með tilkomu urðunar á Sólvabakka mun urðun í Draugagili heyra sögunni til.

Með þessum breytingum eru stigin skref til betra umhverfis til hagsbóta fyrir alla íbúa. Flokkun og endurvinnsla krefst skipulags, bæði á heimilum og flokkunarstöðum. Sameiginlega getum við gert gott umhverfi betra.

Arnar Þór Sævarsson

Bæjarstjóri Blönduósbæjar

Sorp til urðunar

Í almennu tunnuna með gráa lokinu má setja:

Allan almennan heimilisúrgang, matarleifar, kaffikorg, matarsmitaðan pappír og plast, samsettar umbúðir (áleggsbréf, ostabox, tannkremstúpur og fleira).

Einnig glerlát, ryksugupoka, bleiur og dömbindi, úrgang frá gældýrahaldi.

Almenna tunnann verður losuð á tveggja vikna fresti.

Sorpirðudagatöl eru á „blonduos.is“ og „gamar.is/blonduos“.



Endurvinnslutunnan.is

7 flokkar í sömu tunnu!


Íbúum Blönduóss er boðið upp á sérstaka Endurvinnslutunnu með grænu loki, sem bæjarfélagið greiðir niður til helminga. Í hana má setja 7 flokka af endurvinnslulegum efnum, sjá leiðbeiningar á næstu síðu. Það er full ástæða til að hvetja íbúa Blönduóss til þess að nýta sér þessa lausn og stuðla þannig að aukinni endurvinnslu í sveitarfélaginu.

Losunaráætlun Endurvinnslutunnunnar á Blönduósi er á „endurvinnslutunnan.is“

Sorphreinsun VH ábyrgist að allt innihald Endurvinnslutunnunnar fari til endurnýtingar og urðun sparast. Tökum undir með bæjarstjóranum og „**gerum gott umhverfi betra**“!

Hafa ber í huga að starfsmenn Sorphreinsunar VH þurfa að hafa greiðan aðgang að tunnunum svo hægt sé að draga þær að bíl án hindrunar.

Moka þarf snjó frá tunnnum ef þörf krefur.



Dagblöð & tímarit

Dreifibréf og bæklingar.



Pappi

Sléttur pappi/bylgjupappi s.s hreinir pizzukassar og morgunkornspakkar.



Skrifstofupappír

Hvítur pappír og umslög.



Sett laust og beint í tunnuna



Sett í poka (helst glæra) hvern flokk fyrir sig.



Í sérmerktum, bláum plastpokum



Málmur

s.s niðursuðúdsír og lok af glerkrukum.



Plastumbúðir

s.s sjampóbrúsar og plastdósir.



Rafhlöður

í sérmerktum bláum pokum.



Fernur

skolaðar og samanbrotnar.

Með Endurvinnslutunnunni fylgir kassi til söfnunar á pappír innanhúss, bláir poka og kassi fyrir rafhlöður.

Það er nauðsynlegt að rétt sé flokkað í tunnurnar svo að efnin skili sér ómenguð til endurvinnslu.

Ekkert gler má fara í tunnuna vegna slyshættu við flokkun.

Losunardaga má finna á www.endurvinnslutunnan.is.

Endurvinnslustöðin Efstubraut Blönduósi

Opnunartími er eftirfarandi:

Mánudaga 16:00-18:00

Miðvikudaga 16:00-18:00

Laugardaga 13:00-17:00



Sorphreinsun Vilhelms Harðarsonar ehf. tekur við afskráðum bifreiðum og gefur út skilavottorð fyrir bifreiðaeigendur.

Skilagjald kr. 15.000 er greitt fyrir bifreiðar skráðar eftir 1980.

Önnur spilliefni en rafgeymar flokkist í sérmerkt ker á svæðinu.

Lyfjaafgöngum skal skilað til lyfja-verslana.

Til förgunar og endurvinnslu er meðal annars flokkað í:



Timbur



Málma og brotajárn þ.m.t. bifreiðar



Garðaúrgangur



Dagblöð, tímarit og auglýsingapésa



Pappa



Ferur



Kælitæki



Hjólbarða



Rafgeyma



Rauði krossinn, Flúðabakka 2 tekur við fatnaði til endurnýtingar



Móttaka drykkjarvöruumbúða með skilagjaldi: Björgunarfélagið Blanda, Efstubraut 3



Flokkum til framtíðar!

Ábyrg og örugg endurvinnsla eru einkunnarorð Gámaþjónustunnar og dótturfélaga hennar um allt land. Við notum þau til að fullvissa viðskiptavinum okkar um áreiðanleika við afsetningu endurvinnsluafna og ábyrgjumst að flokkað efni frá heimilum og fyrirtækjum fari í réttan farveg til endurvinnslu. Til dæmis er innihald Endurvinnslutunnunnar handflokkað á færubandi og hver flokkur fyrir sig síðan pressaður í bagga og settur

í gám til útflutnings. Þaðan fara efnin síðan til endurvinnslufyrirtækja sem nýta þau í ýmiss konar framleiðslu.

Ekki leikur nokkur vafi á því að kröfur um flokkun eiga enn eftir að aukast á næstu árum. Verum í fararbroddi með Sorphreinsun Vilhelms Harðarsonar í þeirri þróun.

BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ!



Endurvinnslutunnan

græn bylting í umhverfismálum!



BLÖNDUÓS

Blönduósbær • Sími: 455 4700
Þjónustumiðstöð • Sími: 452 4175
Efstubraut 2 • 540 Blönduós
Veffang: www.blonduos.is
Netfang: www.ahaldahus@blonduos.is



SORPHREINSUN
Vilhelms Harðarsonar ehf.

Sími 452 2958 • Fax: 452 2758
Ægisbraut 12 • 540 Blönduósi
Veffang: www.gamar.is
Netfang: vilhelm@gamar.is